

Nd.

336. Nefndarálit

við frv. til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til þess að selja ýmsar nauðsynjavörur undir verði, og að gjalda verðhækkunina eftir því, sem lög þessi greina (þgskj. 31.) og

greinargerð fyrir frv. um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar á þgskj. 335.

Frá meiri hluta bjargráðanefndar.

Oss greindi á við þrjá menn í bjargráðanefndinni um það á hvern hátt ráðin skyldi bót á þeim vandræðum, er almenningi stafar af dýrtíðinni. Minni hlutinn taldi rjett, að landssjóður greiddi nokkurn hluta þess verðmunar, sem er á nauðsynjavörum nú og fyrir stríðið, í líka stefnu og frumv. á þingskj. 31, sem nefndinni var falið. En vjer teljum aðra leið hagkvæmari til að hjálpa mönnum fram úr dýrtíðarvandræðunum. Vjer leggjum aðal-áhersluna á það, að menn hafi nægilega atvinnu gegn sæmilegri borgun. En það er oss jafnframt ljóst, að hjer verður landssjóður að hjálpa til, sem frumvarp það sýnir er hjer fylgir með.

Fyrir frumvarpinu á þgskj. 335 viljum vjer gera svofelda skilgrein.

Við 1. gr.

Vjer teljum sjálfsagt, að hvert bæjar- og sveitarfjelag geri sitt ítrasta til að sjá um að allir vinnufærir menn hafi næga atvinnu. Og þar sem einstakir atvinnurekendur sjá mönnum ekki fyrir nægri vinnu, þá reyni sveitarstjórnirnar að stofna til einhvers fyrirtækis, er sjerstaklega miði að aukinni framleiðslu eða annara frambúðarnytja. Og geti einstakir menn ekki af sjálfsdáðum aflað sjer brýnustu nauðsynja, þá sje sveitarfjelinu skylt að veita þeim lán til framfærslu. En þar sem gjaldþol ýmsra sveitarfjelaga er mjög takmarkað, teljum vjer rjett, að landssjóður veiti þeim eða sýslufjelögunum lán til atvinnureksturs og dýrtíðarhjálp.

Við 2. gr.

Ráðlegt teljum vjer, ef stríðið heldur áfram í vetur, að landsstjórnin sjái

þá svo um, að matjurtarækt verði rekin í stórum stíl á næsta sumri í þeim hjeruðum landsins, sem best eru til þess fallin, svo að landið verði birgt að kartöflum og öðrum þeim matjurtum, sem auðræktanlegar eru hjer á landi, fyrir haustið 1918. En til þess þarf stjórnin að gera ráðstafanir þegar í vetur, svo sem með því að láta draga nægilegan áburð að garðstæðunum og safna útsæði.

Þar sem útlend kol eru nú nærri ókaupandi fyrir sakir dýrleika, og ekki víst að þau fáist til landsins, ef stjórnin heldur áfram, þá teljum vjer rjett að landsstjórnin sjái um, að eftir mætti verði unnið í innlendum kolanámum, bæði til að láta menn fá atvinnu og birgja um leið landið að eldsneyti. Verði samt atvinnuskortur, þótt það verði gert, er að framan er skráð, teljum vjer rjett, að stjórnin láti menn fá atvinnu við undirbúning byggingar stórhýsa, er landið þarf að reisa áður en langt liður, sömuleiðis við vegagerð, hafna-, brúa- og vita-byggingar og annað það, er landinu má að notum verða strax eða síðar.

Yfirleitt teljum vjer, að leggja beri aðal-áhersluna á, að landið með aðstoð sveitarfjelaga hjálpi mönnum yfir erfiðleika dýrtíðar með svo vel borgaðri atvinnu, að menn geti aflað sjer nauðsynja.

Við 3. gr.

Þau lán, sem sveitarfjelög veita einstökum mönnum til framfæris sjer hjer eftir og til stríðsloka, viljum vjer ekki að sje sveitarstyrkur, svo að enginn er tekur þau, missi nein borgararjettindi eða telji sjer meiri vansæmd að taka þessi lán en önnur.

Ákvæði þetta álitum vjer rjett að gildi, þar til þrem mánuðum eftir friðarsamninga, af því að líkindi eru til, að fyrstu tímarnir að stríðinu loknu verði erfiðir. Lán þessi verði veitt á sama hátt þeim, er nú standa í ógreiddri sveitar-skuld.

Alþingi, 6. ágúst 1917.

Þorsteinn M. Jónsson,
ritari og framsögum.

Pjetur Jónsson.

Sigurður Sigurðsson.

Pjetur Ottesen.